

Antikva ehf.


Blikastaðir

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags

Rúna K. Tetzschner, Ragnheiður Traustadóttir og Hermann Jakob Hjartarson

2021





Mynd 1. Skráningarsvæðið er græni punkturinn á kortinu.

Forsíðumynd: Túngarður á Efraási [2644]

Ritstjóri: Ragnheiður Traustadóttir

Uppsetning: Ragnheiður Traustadóttir

Kortagerð: Ragnheiður Traustadóttir

[www. antikva.is](http://www.antikva.is)

Útgefandi: Antikva ehf

ISBN númer: 978-9935-525-12-3

Verkefnanúmer MÍ: 2941

Ljósmyndir í ritinu eru teknar af höfundum nema að annað sé tekið fram

3. útgáfa

© Antikva ehf., Ragnheiður Traustadóttir, Rúna K. Tetzschner, Hermann Jakob Hjartarson

Efnisyfirlit

Ljósmyndir	5
Inngangur	7
Fornleifaskráning	7
Skráningarsvæðið	8
Tilgangur fornleifaskráningar	10
Fornleifaskráning og aðferðir	14
Minjanúmer	14
Tegund, hlutverk og heiti.....	14
Staðsetning.....	14
Staðhættir og lýsing	15
Hættumat	15
Mótvægisaðgerðir	15
Fornleifar á svæðinu.....	15
Blikastaðir [269].....	15
Blikastaðir bæjarstæði [2941-2400] heimild	16
Kálgarður [2941-2401] heimild.....	18
Heimreið, gata [2941-2402] heimild	18
Kálgarður – sáðslétta [2941-2403] heimild.....	18
Laug [2941-2404] heimild.....	18
Brunnur [2941-2405] heimild.....	19
Aðalból leikvöllur [2941-2406] heimild.....	19

Beitarhús [2941-2407] heimild.....	19
Hrútakofi [2941-2558] tóft	19
Fjárhús, heygarður [2941-2557] tóft	20
Óþekkt [2941-2559] húsgrunnur?	21
Sauðhóll [2941-2408] álfhóll.....	23
Leið [2723-600] heimild.....	24
Stekkur [2941-2409] heimild.....	25
Stekkjjarvað [2723-2337], Blikastaðavað [2941-2658], Króarvað [2941-2657] og leið [2723-2336] vöð og gata	25
Útihús [2941-2641] tóft og brú [2941-2642].....	28
Landamerki [2941-2411] heimild.....	28
Markasteinar landamerki [2941-2412] heimild	29
Túngarður á Efraási [2941-2644] garðlag	29
Stekkur [2941-2555] hleðsla og garður [2941-2556] garðlag	32
Óþekkt [2941-2660] heimild	34
Samantekt og niðurstöður.....	35
Heimildir	37
Kort og landamerkjaskrár	37
Árnastofnun – Örnefnasafn	38

Ljósmyndir

Mynd 1. Skráningarsvæðið er græni punkturinn á kortinu.	2
Mynd 2. Skipulagssvæðið er rauða lína og fornleifar eru með rauðum punkti.....	8
Mynd 3. Skjáskot úr skráningagrunni fyrir Mosfellsbæ af minjum í landi Blikastaða.	10
Mynd 4. Skráningarform í Mosfellsbæjar grunninum sem fylgir stöðlum Minjastofnunnar Íslands.....	13
Mynd 5. Núverandi bæjarhús á Blikastöðum.	16
Mynd 6. Túnakort Blikastaða frá árinu 1916.	17
Mynd 7. Tóft frá hrútakofa [2558] sunnan við Blikastaði 2.	20
Mynd 8. Fjárhús og heygarður [2557]	20
Mynd 9. Fjárhús og heygarður [2557].	21
Mynd 10. Grunnur frá óþekktu mannvirki.	22
Mynd 11. Sauðhóll [2408] í forgrunni.	23
Mynd 12. Herforingaráðskort 1909: Hjáleigan Hamrahlíð var fast við Þjóðveginn.....	24
Mynd 13. Leið [2336] liggur um land Blikastaða að Stekkjarvaði [2337]; hún hverfur þar sem golfvöllurinn er í dag.....	26
Mynd 14. Brot af leið [2336] sunnan tóftar [2641].....	27
Mynd 15. Tóft [2641] við Blikastaðaá.	28
Mynd 16. Veglegur túngarður [2644] liggur eftir Efraási endilöngum.....	30
Mynd 17. Hluti túngarðsins [2644] á Efraási.	31
Mynd 18. Hleðsla eða einföld steinaröð við norðurenda túngarðs [2644] á Efraási.....	31

Mynd 19. Hleðslur í stekk [2555]; v.m. horft suður; h.m. horft norður.....	32
Mynd 20. Stekkur [2555]; horft norðaustur.	33
Mynd 21. Garður [2556] við stekk [2555].	33

Inngangur

Að beiðni Önnu Margrétar Tómasdóttur verkefnastjóra hjá Mosfellsbæ tók Ragnheiður Traustadóttir fornleifafræðingur, fyrir hönd Antikvu ehf., að sér að skrá fornleifar vegna deiliskipulags á jörðinni Blikastöðum. Stækka á íbúðahúsasvæði til vesturs á um 33 ha. svæði kringum Blikastaðabæinn, norðvestan Vesturlandsvegur og norðan við Korpúlfsstaðaveg. Friðlýstar minjar frá verslunarstað eru norðan megin á svokölluðu Blikastaðagerði eða Blikastaðanesi en þær eru utan framkvæmdasvæðis. Skráningin fékk verkefnanúmerið 2941 hjá Minjastofnun Íslands.

Á norðurmörkum svæðisins liggur gamall túngarður eftir endilöngum Efraási og þar er einnig stekkur og lítið garðlag. Á svæðinu sunnanverðu eru tóftir hrútakofa og fjárhúss með heygarði og húsgrunnur. Þá liggur gömul gata með nokkrum vöðum rétt utan með mörkum svæðisins vestan megin og rétt við götuna er tóft frá útihúsi. Þessar minjar hafa verið mældar upp og þarf að gæta sérstaklega að þeim.

Skráningin fól í sér athugun á fyrri skráningum, heimildasöfnun, vettvangsskráningu og úrvinnslu, mat á minjum innan skipulagssvæðisins, svo sem hættumat, og skýrslu- og kortagerð. Við fornleifaskráninguna var farið eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands.

Skýrsluhöfundar sáu um vettvangsvinnu og heimildavinnu.

Með skýrslunni fylgir fornleifaskrá og stafrænn hnitagrunnur.

Fornleifaskráning

Í skýrslunni *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ* sem var gefin út árið 2006 er saga Blikastaða rakin og fornleifar skráðar í landi þeirra og hjáleigunnar Hamrahlíðar.¹ Sú skýrsla var unnin upp úr eldri skráningargögnum en skipuleg skráning fornleifa í Mosfellsbæ hófst árið 1980 og var fyrsta skráning sinnar tegundar á Íslandi. Í skýrslunni er að finna góðar lýsingar á fornleifum í sveitarfélaginu en hún er háð þeim takmörkunum að minjar voru ekki allar

¹ Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, 92-111.

staðsettar á kort og þær sem hafa ratað inn á vefsíða sveitarfélagsins eru oft ekki nákvæmlega staðsettar enda voru mælingartæki á þeim tíma ekki jafn nákvæm og þau eru í dag.

Ragnheiður Traustadóttir hefur mælt upp og skráð minjar á Blikastaðagerði eða Blikastaðanesi nyrst á jörðinni og skráði ásamt Rúnu K. Tetzschner og Margréti Valmundsdóttur jörðina Hamrahlíð, við suðvesturmörk Blikastaða, árið 2019.² Í skráningum síðustu ára var notast við nýjustu staðla Minjastofnunar Íslands en samkvæmt þeim ber meðal annars að mæla upp allar minjar. Það var líka gert í þeirri skráningu Blikastaða sem hér fer á eftir og er hún því viðameiri og nákvæmari en skráning á svæðinu frá árinu 2006 og fyrr. Lýsingar úr fyrri fornleifaskráningum eru þó nýttar þar sem við á.



Mynd 2. Skipulagssvæðið er rauða lína og fornleifar eru með rauðum punkti.

Skráningarsvæðið

Skráningin tekur til skipulagssvæðisins sem er 33 hektara land, afmarkað af Vesturlandsvegi að suðaustan og Korpúlfsstaðavegi að sunnan. Vestan megin liggja mörkin innan með

² Ragnheiður Traustadóttir o fl., *Hamrahlíð í landi Blikastaða*.

Korpúlfsstaðaá og síðan meðfram veginum Æðarhöfða norðan megin. Austan megin eru mörkin við íbúðarhúsa hverfi við Þrastarhöfða síðan meðfram Baugshlíð að Vesturlandsvegi. Svæðið hefur verið sléttað undir tún frá Blikastöðum en er að mestu óbyggt, nema hvað Blikastaðabærinn er innan þess, ásamt húsunum Blikastöðum 2, 3 og 4.

Land hinna fornu Blikastaða náði að Leiruvogi að norðan, Lágafelli og Lambhaga að austan og sunnan, Hamrahlíð suðvestan megin og að Korpúlfsstaðaá en síðan réði áin merkjum milli Blikastaða og Korpúlfsstaða út í Leiruvog.

Í Landamerkjaskrá Blikastaða frá 1890 segir:

- „1. Milli Blikastaða og Lágafells: „Díakrókalæksmynni“ og þaðan beint í þúfu á „Há-Hrossa-skjólásá“, og þaðan beina línu í þúfu þá, sem er upp undan miðsteininum af svokölluðum „Marksteinum“ og þaðan beina línu í „Festi.“
2. Milli Blikastaða og Lambhaga: Úr „Festi“ og beina sjónhendingu í miðjan „Hrossadal“, og þaðan beina línu efst í „Hrossagilsbrúnina“.
3. Milli Blikastaða og Hamrahlíðar: Úr „Hrossadalsgili“ og beina línu í grjóthrúgu norðast á syðsta „Stekkjjarhólnum“, og þaðan beina línu niður í Korpólfsstaðaá.
4. Milli Blikastaða og Korpólfsstaða: „...ræður áin ofan í sjó; skammt fyrir ofan ármynnið kvíslast áin við klöpp, og rennur síðan í tveimur kvíslum ofan í sjó, tilheyrir nyrðri kvíslin Blikastaðalandi.“³

³ Landamerkjabók.



Mynd 3. Skjáskot úr skráningagrunni fyrir Mosfellsbæ af minjum í landi Blikastaða.

Tilgangur fornleifaskráningar

Samkvæmt 4. mgr. 3. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 (mml.), sem tóku við af þjóðminjalögum nr. 107/2001 1. janúar 2013, njóta fornleifar friðunar og eru þannig verndaðar gegn hvers kyns raski.

Í 3. mgr. 3. gr. mml. eru fornleifar skilgreindar með svofelldum hætti:

„Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast síðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.“

Í 21. gr. mml. er kveðið á um verndun fornleifa:

„Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.

Minjastofnun Íslands gerir nauðsynlegar ráðstafanir til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en áður skal gera landeiganda eða ábúanda viðvart um þær. Ef nauðsyn krefur lætur Minjastofnun Íslands rannsaka fornleifar með uppgrefti eða á annan hátt.“

Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Minjastofnun Íslands, sbr. 38. gr. mml., og án tafar skv. 1. mgr. 23. gr. megi ætla að þær séu í hættu.

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk

Þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum. Í þessu tilviki, þar sem unnið er að deiliskipulagi á útvistarsvæði, verða til möguleikar á að kynna og nýta minjar á svæðinu.

Ekki er það síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar.

Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal skv. 16. gr. mml. fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi.

Skulu skipulagsyfyrvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum.

Skipulagsyfyrvöld skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum.

Almennt er æskilegt að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Minjastofnun Íslands um framkvæmdirnar með sannanlegum hætti með minnst fjögurra vikna fyrirvara eins og segir í 23. gr. mml. Enn fremur segir að Minjastofnun Íslands ákveði að undangenginni vettvangskönnun hvort frekari rannsóknar sé þörf, hvort gera skuli tillögu um friðlýsingu eða hvort fornleifarnar megi víkja og þá með hvaða skilmálum. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda fyrr en ákvörðun Minjastofnunar Íslands liggur fyrir.

Í 2. mgr. 28. gr. mml. segir að framkvæmdaraðili greiði kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.

Attribute	Value
Bæjarnafn	Hamrahlíð
Jarðatal Johnsen	269
Flokkun	Búsetuminjar
Tegund	Tóft
Efni	Torf og qrijót
Lengd	13.2 meter
Breidd	7 meter
Hæð	0.50 metrar
Athugasemdir	
Umhverfi	Í gömlu þýfðu túni
Adalsvæði	Blikastaðaland
Svæði	Hamrahlíðartún
Túnakort	Túnakort 1916
Heimildir	FM 2006:22
Örnefnaskrá	MG 1991 Ó-Blikastaðir
Aldur	1850-1930
Skráning	RT-RKT-MV
Mæling	Uppmæling
Dagur	17.10.2019
Horfin	Nei
Horfin_astæða	<None>
Hættumat	Mikil hættu
Hættuorso	Vegna framkvæmda
Ástand	Vel greinanlegar fornleifar
GPS hnít Norður	6409180
GPS hnít Vestur	2144438
Verkefni	Deiliskipulag Blikastaða
Gömul númer	269-42
Sveitarf	Mosfellsbær
Friðað	Já
Gróður	Gras
Hlutverk	Útihús

Mynd 4. Skráningarform í Mosfellsbæjar grunninum sem fylgir stöðlum Minjastofnunnar Íslands.

Fornleifaskráning og aðferðir

Við fornleifaskráninguna voru fornleifar flokkaðar undir jörðina Blikastaði. Fjallað er um hvern minjastað fyrir sig. Ljósmyndir voru teknar og gerð kort auk þess sem minjarnar voru hnitsettar og færðar inn á loftmynd frá Loftmyndum ehf.

Minjanúmer

Minjar eru auðkenndar með númeri og sérheiti þeirra ef við á, til dæmis „Blikastaðavað [2941-2658]“ og hlutverki þeirra, til dæmis „hrútakofi [2941-2558]“, síðan er tegund nefnd á eftir númeri til frekari skýringar. Ef stendur *heimild* á eftir númeri þá hafa ekki fundist fornleifar á vettvangi. Fyrsta númer innan hornklofa er númer Minjastofnunnar og seinna númer er númer skráningarinnar í landfræðilegum gagnagrunni Mosfellsbæjar yfir fornleifar, örnefni og sögulegar minjar.

Tegund, hlutverk og heiti

Tegund og hlutverki minja er eins og venjan er um fornleifaskráningar lýst í fáum orðum, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu þótt þeirra sé getið í heimildum og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild“ sé til um til dæmis útihús. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn, til dæmis Króarvað [2941-2657], er það sérstaklega skráð en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, til dæmis stígur eða varða.

Staðsetning

Tekin voru GPS hnit á öllum minjum eða þær mældar upp með nákvæmu GPS mælingartæki úti á vettvangi og þau færð inn í landupplýsingagrunn Mosfellsbæjar. Staðsetning þeirra er svo færð inn á loftmyndir frá Svarma ehf. Í hjálagðri fornleifaskrá eru gefin upp hnit landshnitakerfinu Ísnet 93 þegar við á. Gögnum er einnig skilað í stafrænu formi í landupplýsingakerfi.

Staðhættir og lýsing

Ávallt er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim og staðhátum lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, til dæmis vísað í aðrar heimildir.

Hættumat

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að mást í burtu fyrir áhrif lofts eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs.

Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær ekki fundist við vettvangsskráninguna. Í þessu tilviki hafa fjórtán fornleifar horfið vegna framkvæmda og er eingöngu getið í heimildum.

Mótvægisáðgerðir

Ef minjar eru í hættu vegna framkvæmda er lagt að framkvæmdum sé beint frá minjastaðnum. Ef það er ekki hægt er komið með tillögur að mótvægisáðgerðum. Það er þó alltaf Minjastofnun Íslands sem ákveður hvort og með hvaða hætti hvað þarf að gera.

Fornleifar á svæðinu

Blikastaðir [269]

Blikastaða er fyrst getið árið 1234 og heyrðu þá og fram á 16. öld undir kirkjuna og klausturstaðinn í Viðey.⁴ Eftir það komust þeir í eigu konungs og hélst svo næstu aldir.⁵ Í *Jarðatali* árið 1847 var jörðin komin í bændaeign og var jarðardýrleiki þá 14 hundruð.⁶

⁴ *Íslenzkt fornbréfasafn*, I, 507-508; *Íslenzkt fornbréfasafn*, II, 377; *Íslenzkt fornbréfasafn*, III, 598.

⁵ *Íslenzkt fornbréfasafn*, XII, 111, 137, 152, 172, 398; *Jarðabók*, III, 308-309.

⁶ *Jarðatal á Íslandi*, 96.

Magnús Þorláksson ábúandi á Blikastöðum árin 1908-1942 ræktaði upp mela og mýrar á Blikastöðum og Helga dóttir hans og Sigsteinn Pálsson héldu verkinu áfram þannig að túnin stækkuðu úr 42 í 70 hektara í þeirra tíð. Frá árinu 1980 önnuðust Magnús sonur þeirra og kona hans Marta Sigurðardóttir svo túnin á Blikastöðum og félagsmenn í Hestamannafélaginu Faki fengu þar bithaga og hey.⁷ Fjölskyldan á Blikastöðum gaf ýmsar mikilsverðar upplýsingar þegar fornleifaskráning fór fyrst fram á jörðinni árin 1980-1982. Bærinn er enn í ábúð.



Mynd 5. Núverandi bæjarhús á Blikastöðum.


Blikastaðir bæjarstæði [2941-2400] heimild

Blikastaðabærinn sjálfur stóð „á láglendu mýrlendi, skammt fyrir norðan Lágafellshamra, austanvert við Korpúlfsstaðaá, sunnan til við Leiruvoga, gagnvart Víðinesi.“⁸ Svo lýsir séra

⁷ Ö-Blikastaðir MG.

⁸ Stefán Þorvaldsson, „Lýsing Mosfells- og Gufunesssóknna“, 233.

Stefán Þorvaldsson legu Blikastaða árið 1855. Núverandi bæjarstæði Blikastaða virðist vera á svipuðum slóðum og þarna er lýst og sést einnig á túnakorti frá 1916.



Mynd 6. Túnakort Blikastaða frá árinu 1916.

Á túnakorti sést gamla bæjarstæðið um miðbik túnsins suðaustarlega með þremur stórum byggingum og kálgarði. Fyrir enda heimreiðarinnar er tvíhólfað hús með stefnu norðvestur – suðaustur, byggt úr timbri með járnpaki og væntanlega járnvarið. Timburhúsin voru íbúðarhús á flestum býlum þannig að þetta hefur kannski verið bærinn og eru hinar byggingarnar þá útihús. Norðan við timburhúsið er stór bygging byggð úr torfi og grjóti sem skiptist í fimm hólf og austan við það er stærsta byggingin, fjórhólf og einnig hlaðin úr torfi og grjóti.⁹ Kannski hefur þetta verið fjósið en samkvæmt örnefnalýsingu var Fjósflöt heima við húsin austan heimreiðar og kallast Austurhóll austan við fjósið en „austan við Austurhól og Fjósflötina er Langahyrna.“¹⁰

Núverandi bæjarhús á Blikastöðum eru vegleg og virðist líklegt að stór hluti bæjarhólsins hafi eyðilagst þegar þau voru byggð. Blikastaðir hafa þó verið í ábúð að minnsta kosti frá því á 14.

⁹ Túnakort Blikastaða.

¹⁰ Ö-Blikastaðir MG.

öld og jafnvel þótt sennilegt sé að bæjarstæðið hafi alltaf verið á þessum slóðum þá má vel vera að það hafi færst til. Minjar eldri bæja geta því leynst í jörð bæði undir uppistandi húsum og í grennd við þau. Mjög mikilvægt er því að fara varlega í kringum bæjarstæðið.

Kálgarður [2941-2401] heimild

Suðvestur af bæjarhúsum sýnir túnakortið stóran ferhyrningslaga kálgarð umgirtan grjóthlöðnum veggjum nema hvað girðing úr tré eða járnri virðist vera fyrir þeirri hlið sem er næst húsunum.¹¹ Þessi garður er horfinn.

Heimreið, gata [2941-2402] heimild

Heimreið að Blikastöðum liggur á túnakorti í norður að bæjarstæði og sameinast þar öðrum vegi sem liggur úr vestri frá kálgarði. Miðað við kortið hafa þetta verið hlaðnir og malarbornir vegir. Skurður liggur austan megin meðfram heimreiðinni.¹² Heimreið að Blikastöðum liggur nú úr austri frá götunni Baugshlíð og ekki sjást nein merki um eldri heimreið og götu.

Kálgarður – sáðslétta [2941-2403] heimild

Samkvæmt túnakorti voru kálgarður og sáðslétta vestast í túni fyrir enda götu [2402] sem lá austur frá bæjarhúsum¹³ Engin merki sjást lengur um kálgarðinn.

Laug [2941-2404] heimild

„Björn Bjarnarson í Grafarholti getur þess í lýsingu á Kjósarsýslu að á nokkrum stöðum öðrum en á jarðhitasvæðunum að Reykjum í Mosfellssveit séu laugar og volgar uppsprettur 20-40 °C og nefnir m.a. Blikastaði. Um 20 °C heit laug var vestan við heimreiðina að Blikastöðum um 200 metra frá bænum. Þar voru þvegin sokkaplögg o.fl. og stundum var vatnið notað til að skúra gólf. Hætt var að nota hana þegar hitaveita kom að Blikastöðum en skömmu áður hafði hún spillst þegar borað var í hana.“¹⁴

¹¹ *Túnakort Blikastaða.*

¹² *Túnakort Blikastaða.*

¹³ *Túnakort Blikastaða.*

¹⁴ Ö-Blikastaðir MG.

Brunnur [2941-2405] heimild

„Vestan við heimreiðina næst bænum er Brunnflöt“.¹⁵ Engin merki sjást lengur um brunn á þessu svæði.

Aðalból leikvöllur [2941-2406] heimild

Samkvæmt örnefnalýsingu er í Brunnflöt vestan bæjarins smáhóll sem kallast Vesturhóll og vestur af honum annar smáhóll sem heitir Aðalból. Nafnið er dregið af samnefndum bæ í Hrafinkelssögu en þarna var leiksvæði barna þar sem þau reistu sér bú. Fyrir neðan Aðalból er Þúfnabanaflöt sem var unnin með fyrsta þúfnabananum sem kom til landsins.¹⁶ Engar menjar sjást um leiksvæðið.

Beitarhús [2941-2407] heimild

„Vestan við heimreiðina næst bænum er Brunnflöt og sunnan við það Húsatún, þar stóðu eitt sinn beitarhús, og loks Litlustykki sem voru smátún fast við Árnesveginn en hafa að mestu horfið undir hús.“¹⁷ Þessi beitarhús eru horfin.

Hrútakofi [2941-2558] tóft

Tóft frá hrútakofa er í mjög þýfðu landi um 80 m sunnan vegar heim að Blikastöðum 2, 3 og 4, á móti austasta húsinu (2). Tóftin er um 2 x 2,5 m. Á norðurhlið sjást ekki leifar veggja, einungis niðurgroftur. Í austurenda rústarinnar er stór steinn en dyr eru á vesturenda. Tóftin gæti verið hundrað ára gömul en gæti líka verið yngri. Hún er innan framkvæmdasvæðis og því í hættu en getur ekki talist hafa mikið minjagildi. Eldri minjar gætu leynst undir og þarf því Minjastofnun Íslands að ákveða hvort rannsaka þarf minjar lendi þær undir framkvæmdum.

¹⁵ Ö-Blikastaðir MG.

¹⁶ Ö-Blikastaðir MG.


¹⁷ Ö-Blikastaðir MG.



Mynd 7. Tóft frá hrútakofa [2558] sunnan við Blikastaði 2.

Fjárhús, heygarður [2941-2557] tóft

Um 200 m norður frá vegamótum Vesturlandsvegar og Korpúlfsstaðavegar og um 650 m SV frá Blikastaðabænum er þýfður mói, ef til vill leifar gamals túns. Þar á jafnsléttu stendur tóft frá útihúsi og hallar aðeins niður frá henni til norðurs. Tóftin er um 12,9 m á lengd og 6,6 m á breidd, veggir um 1 m á breidd og 0,5 m á hæð, nema suðurgafi sem rís allt upp í 0,8 m hæð. Inngangar eru á norðurgafli og í suðausturenda austurlangveggjar. Lítil hleðsla nálægt miðju, um 0,4 m á breidd og hæð, skiptir tóftinni í tvennt. Hún nær þó ekki alveg þvert yfir tóftina heldur endar um 0,5 m frá austurvegg.



Mynd 8. Fjárhús og heygarður [2557]

Innan í norðvesturhorni sjást fjórir steinar úr hleðslu. Við utanverðan suðurgaflinn og upp að honum mótast fyrir lítilli hringlaga hleðslu, um 0,3 m á breidd og hæð, hugsanlega leifar af heygarði. Sigsteinn Pálsson taldi tóftina vera af lambakofa eða fjárhúsi og heygarði. Sennilega er hún ekki eldri en frá aldamótunum 1900 og trúlega eitthvað yngri.¹⁸

Tóftin er innan framkvæmdasvæðis og því í hættu en getur ekki talist hafa mikið minjagildi. Eldri minjar gætu leynst undir og þarf því Minjastofnun Íslands að ákveða hvort rannsaka þarf minjar lenti þær undir framkvæmdum.



Mynd 9. Fjárhús og heygarður [2557].

Óþekkt [2941-2559] húsgrunnur?

Skammt vestan við Vesturlandsveg en nokkru suðaustan við fjárhústóft [2557] virðast vera leifar grunns undan húsi eða einhverju mannvirki. Þetta er sléttur grjótgrunnur með fjóra niðurskorna staura á hornum. Ekki er ljóst hvaða tilgangi mannvirkið hefur þjónað.

¹⁸ Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, 20.

Grunnurinn minnir á húsgrunna frá mannvirkjum hersins en engar herbúðir voru þó þarna nálægt. Grunnurinn er innan framkvæmdasvæðis og því í hættu en er sennilega ekki mjög gamall og getur ekki talist hafa mikið minjagildi.



Mynd 10. Grunnur frá óþekktu mannvirki.

Sauðhóll [2941-2408] álfhóll**Mynd 11. Sauðhóll [2408] í forgrunni.**


Neðan og norðan við Úlfarsfell er ás eða hryggur, eins konar náttúrulegt framhald fellsins niður á jafnsléttu. Samkvæmt örnefnalýsingu eru þetta svokölluð Börð sem liggja niður að túnum neðan Vesturlandsvegarins.¹⁹ Þar við hitaveitustokk, um 500 m norðaustan afleggjara að Blikastöðum og 500 m suðaustan bæjarins er klettahóll, um 18 x 18 m að stærð, sem nefndist Sauðhóll. Í örnefnalýsingu kemur fram að hóllinn var sprengdur burt, en þó greinilegt að eitthvað hefur orðið eftir. Í fornleifaskráningunni árið 1980 segir: „lágur, grasi vaxinn hóll [...] nokkuð grænni en svæðið umhverfis. Að ofanverðu, ofan á kollinum, sér í bera klöpp. Virðist jafnvel, sem sprengt hafi verið ofan af honum. [...] Hóllinn er flatur að ofan og hallar bratt til norðurs [...] um 20 m langur frá hitaveitustokk [...] og ca. 10 m á breidd yfir bunguna. [...] Ásnum hallar niður frá hólnum [...] og frá honum er mjög gott útsýni yfir Blikastaðaland og til vesturs og norðvesturs.“ Ekki eru sýnileg nein mannvirki á eða við Sauðhól en að sögn Helgu Magnúsdóttur var hann talinn bústaður huldufólks.²⁰ „Börnunum á Blikastöðum fannst

¹⁹ Ö-Blikastaðir MG.

²⁰ Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, 13.

stundum vera ljós á kvöldin í Sauðhól. Á daginn var gott að komast á bak hestum á þúfum sem þar voru. Mýrin sem liggur austan við veginn heitir Sauðhólsmýri.“²¹

Leið [2723-600] heimild



Mynd 12. Herforingjaráðskort 1909: Hjáleigan Hamrahlíð var fast við Þjóðveginn.

Á herforingjaráðskorti frá 1909 sést hvar gamli þjóðvegurinn lá í norðaustur, rétt austan við bæjarstæði Blikastaðahjáleigunnar Hamrahlíðar og austan Blikastaða.²² Hluti hans er einnig sýndur á túnakorti Hamrahlíðar.²³ Í örnefnalýsingu segir: „Við Vesturlandsveginn undir hitaveitustokknum og niður á jafnslétt tún kallast Börð. [...] Hitaveitustokkurinn var lagður yfir Börðin, en fyrr hafði þjóðvegurinn verið lagður á þessum stað. Helga Magnúsdóttir var átta eða níu ára þegar vegurinn var lagður meðfram Hamrahlíðinni og yfir Börðin. Henni þótti mun skemmtilegra að vera kúskur í vegagerð og stýra hestakerru en að vaka yfir velli. Áður hafði vegurinn [2336] legið vestar, nær sjónum, og farið yfir Korpúlfsstaða á fleiri vöðum [2337 / 2658 / 2657]. Tvö örnefni eru tengd beygjum á gamla veginum, en það eru Olnbogi (stundum Alnbogi) og Öxl. Olnboginn var sunnan við vegamótin að Blikastöðum á

²¹ Ö-Blikastaðir MG.

²² Herforingjaráðskort Dana.

²³ Túnakort Hamrahlíðar.

Vesturlandsveginum skammt norðan við landamerki móti Reykjavík, en Öxlin er nokkru sunnar við landamerkin. Eftir að vegurinn var steypdur árið 1973 hurfu þessar beygjur.“²⁴

Gamli þjóðvegurinn hefur með öllu horfið þegar Vesturlandsvegur var lagður örlítið vestar. Þjóðvegurinn hefur verið rétt utan marka skipulagssvæðisins en er skráður hér vegna samhengisins.

Stekkur [2941-2409] heimild

Í örnefnalýsingu segir: „Frá Vesturlandsveginum og niður að Korpúlfsstaðaá eru þrír hólar áberandi, sérstaklega þegar horft er frá húsunum við Árnesveg og í suðurátt. Þeir eru einu nafni nefndir Hólar. Einnig munu þeir hafa verið nefndir Stekkjarhólar, sbr.

landamerkjalyýsingu Blikastaða, en nú er sú nafnmynd ekki notuð.“²⁵ Samkvæmt

landamerkjaskrá liggja merki Blikastaða og Hamrahlíðar um „grjóthrígu norðast á syðsta „Stekkarhólum“ og þaðan í Stekkjarvað.²⁶ Engin ummerki eru þó um þennan stekk sem bæði hólarnir og vaðið hafa verið kennd við. Ekki hægt að staðsetja hann.

Stekkarvað [2723-2337], Blikastaðavað [2941-2658], Króarvað [2941-2657] og leið [2723-2336] vöð og gata

Að minnsta kosti þrjú vöð eru á Korpúlfsstaðaá eða Korpu milli Blikastaða og Korpúlfsstaða. Lengst frá sjónum er Stekkjarvað, við bugðu á ánni á móts við Korpúlfsstaðabæinn, á merkjum milli Korpúlfsstaða, Blikastaða og hjáleigunnar Hamrahlíðar. Skammt norðaustur frá því eru Stekkjarhólar og nokkru neðar í ánni er Merkjafoss.²⁷ Vaðið er á grynningum eða flötum klöppum yfir ána þar sem reiðgata [2336] liggur úr austri í vestur, hlykkjast úr landi Blikastaða í átt að Korpúlfsstöðum.²⁸ Leiðin er mjög greinileg austan við Korpúlfsstaðaá, hefur verið rofin af Korpúlfsstaðavegi en birtist aftur austan við hann. Vestan við ána fer hún undir golfvöllinn. Næst er Blikastaðavað [2658] á götunni nokkru fyrir ofan Veðifoss, neðan við Efriás, en það er líklega sama vaðið og stundum var nefnt Ferðamannavað. Það er rétt

²⁴ Ö-Blikastaðir MG.

²⁵ Ö-Blikastaðir MG.

²⁶ Landamerkjabók.

²⁷ Ö-Blikastaðir MG.

²⁸ Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, 19.

neðan við göngubrú yfir Korpúlfsstaðaá og er enn notað af hestamönnum. Króarvað [2657] er svo næst ármýnninu, ofan við kletta og Króarfoss eða Sjávarfoss.²⁹

Gatan ásamt vöðunum vitnar um hið forna vegakerfi Mosfellssveitar og felst minjagildi hennar einkum í því. Hún hefur þó verið mæld upp og er auk þess utan marka framkvæmdasvæðisins þótt hún sé nálægt því. Hér þarf því að fara með gát en öllu ætti þó að vera óhætt.



Mynd 13. Leið [2336] liggur um land Blikastaða að Stekkjarvaði [2337]; hún hverfur þar sem golfvöllurinn er í dag.

²⁹ Ö-Blikastaðir MG.



Mynd 14. Brot af leið [2336] sunnan tóftar [2641].

Útihús [2941-2641] tóft og brú [2941-2642]

Ferhyrnd tóft [2641] er á brekkubrún ofan og austan við Blikastaðaá, upp við gamla girðingu þar sem band er strengt milli staura. Hún gróin grasi, mosa og birki en einfaldar raðir stórra steina auðsæjar á allar hliðar. Hún er um 4 x 4 að stærð og virðist vera inngangur á norðurvegg, næst norðurhorni. Steinaröð liggur í austur sa. 1 m út frá suðurhorni eins og framhald af suðurvegnum. Við enda hennar liggja trépillar yfir mýrarskurð, mjög yfirgrónir og fúnir, en hafa einhverntímann verið nothæf brú [2642]. Gamla gatan [2336] virðist hafa legið þarna yfir og er sýnileg sunnan við skurðinn, þ.e. áður en kemur að tóftinni. Tóftin ásamt brúnni er sennilega ekki mjög gömul og hefur ekki svo mikið minjagildi. Þetta er auk þess rétt utan við mörk framkvæmdasvæðins.



Mynd 15. Tóft [2641] við Blikastaðaá.

Landamerki [2941-2411] heimild

Landamerki Blikastaða gagnvart Hamrahlíð liggja úr „Hrossadalsgili“ og beina línu í grjóthrógu norðast á syðsta „Stekkjarhólnum“ og þaðan beina línu niður í „Korpólfsstaða“ sem

ræður merkjum gagnvart Korpúlfsstöðum „ofan í sjó“. „Skammt fyrir ofan ármynnið kvíslast áin við klöpp, og rennur síðan í tveimur kvíslum“ til sjávar og tilheyrir sú nyrðri Blikastaðalandi.³⁰ Ekki var hægt að staðsetja þessa grjóthrúgu.

Markasteinar landamerki [2941-2412] heimild

Díakrókalækur er fyrir austan Gerði en landamerki Blikastaða gagnvart Lágafelli liggja um „Díakrókalæksmynni“, þaðan beint í þúfu á „Há-Hrossaskjólási“, síðan í beina línu í þúfu þá, sem er uppundan miðsteininum af svokölluðum „Marksteinum“ og loks í beina línu í „Festi.“³¹

Túngarður á Efraási [2941-2644] garðlag

Í örnefnalýsingu segir: „Neðan við Þúfanabanaflöt er holt með grjótgarði, er nefnist Efriás, og þar neðar er annar klettaás sem heitir Neðriás. Inn af Efraás neðan túns er Hrossaskjólás; nær hann inn á merki.“³² Efriás er lítt eða ekki gróinn og á honum er grjóthlaðinn túngarður, um 450 m norðvestan bæjarhúsa á Blikastöðum, í 25-30 m hæð yfir sjávarmáli. Garðurinn er um 350 m langur og liggur í norðaustur – suðvestur eftir endilengum ásnum. Hann er um 1 m á breidd og 1-1,3 m á hæð þar sem hann er hæstur. Hann hefur hrunið á stöku stað, einkum vestast, en þó hvorki mjög víða né á löngum köflum. Sú hlið hans sem veit frá túnnum Blikastaða er mjög heilleg og er veggurinn þar því sem næst lóðréttur. Svolítið hefur verið gert við þessa hlið garðsins og hann hlaðinn hærra upp. Túnmegin er garðurinn allur lægri og hleðslan ekki lóðrétt heldur halli á henni frá ytri brún niður í túnrótina. Garðurinn er því sums staðar bungumyndaður að innanverðu.

Að sögn Helgu Magnúsdóttur lét faðir hennar gera garðinn á árabílinu 1912-1914. Hleðslumeistarinn sem annaðist verkið var kallaður Guðmundur búi, ættaður austan úr sveitum. Helga vissi ekki nánari deili á honum nema að hann var lausamaður sem fékkst við öll venjuleg sveitastörf og það var því ekki aðalstarf hans að hlaða garða. Sigsteinn Pálsson, maður Helgu, lét síðar dytta að garðinum en það voru allmörg ár síðan þegar garðurinn var skráður um 1980. Að sögn Sigsteins er það eina skiptið sem viðgerð hefur farið fram.³³

³⁰ *Landamerkjabók*

³¹ *Landamerkjabók*

³² Ö-Blikastaðir MG.

³³ Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, 13-14.

Garðurinn hefur mikið minjagildi en er í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda en hann liggur á mörkum framkvæmdasvæðis.



Mynd 16. Veglegur túngarður [2644] liggur eftir Efraási endilöngum.

Leifar gaddavírsgirðingar eru ofan í túngarðinum og hefur hún legið áfram út af báðum endum hans, í suðvestur og norðaustur. Girðingarstæðið sést greinilega og við norðurendann eru hleðslur kringum girðingarstaurarna. Þetta var þó ekki mælt upp enda um yngri minjar að ræða. Við norðurenda túngarðsins eru auk þess hleðslur með stefnu í suðaustur niður af ásnum. Þetta eru tvær einfaldar raðir af steinum, sennilega neðsta lag garðlags sem hefur legið út frá túngarðsendanum.



Mynd 17 Hluti túngarðsins [2644] á Efraási.



Mynd 18. Hleðsla eða einföld steinaröð við norðurenda túngarðs [2644] á Efraási.

Stekkur [2941-2555] hleðsla og garður [2941-2556] garðlag

Stekkur [2555] er í sléttri grasi vaxinni geil milli tveggja klettabelta í norðanverðum Efraási. Geilin hefur stefnuna austur – vestur með halla í vestur. Rétt neðan nyrðri hamarsins er gamli vegurinn til Reykjavíkur, nú reiðvegur, og golfvöllur. Þetta er nánar tiltekið um 500 m norðvestur frá Blikastöðum. Stekknum hefur greinilega verið valinn staður þarna vegna hagstæðra náttúrulegra skilyrða. Klettabásinn myndar uppistöðu hans en grjóti hefur verið hlaðið fyrir báða enda og auk þess ofan á jaðra klettana. Í austanverðri geilinni, við nyrðri klettaranann, er annar 12 m langur klettarani og mynda þessir klettar stekkin saman. Hæstir eru þeir innst og austast, að norðanverðu allt upp í 2 m, en fara hallandi þegar utar dregur, vestast, og eru nokkuð lægri að sunnanverðu. Þar sem klettarnir eru misháir er fyllt upp í með grjóti og hlaðið ofan á horn klettanna eftir því sem þurft hefur. Af náttúrulegum ástæðum er það mest að vestanverðu. Inn af austurenda stekkjarsins virðist hafa verið eins konar kró. Þar má sjá nokkra steina liggja í boga þannig að óljóst mótar fyrir hleðslu. Stekkjarhliðið snýr í suðvestur og má framan við það sjá leifar af garði [2556] sem liggur í þá átt. Líklega hefur grjót verið tekið úr honum þegar túngarðurinn á Efraási var byggður. Fráfærur lögðust af á Blikastöðum árið 1918 en Helga Magnúsdóttir kvaðst þó muna eftir þessum stekk í notkun.³⁴ Þessar minjar eru sennilega gamlar og hafa ótvírætt varðveislugildi. Þær eru á mörkum framkvæmdasvæðisins og þarf að fara varlega.



Mynd 19. Hleðslur í stekk [2555]; v.m. horft suður; h m. horft norður.

³⁴ Agnes Stefánsdóttir, Rína K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, 14-15.



Mynd 20. Stekkur [2555]; horft norðaustur.



Mynd 21. Garður [2556] við stekk [2555].

Óþekkt [2941-2660] heimild

Neðan við hól í skjóli milli Efraáss og Hrossaskjólssáss voru árið 1980 skráðar ógreinilegar leifar mannvirkis, mögulega kringlótt tóft eða veggjahleðsla. Veggir voru 1-2 m að breidd og þvermálið 17-18 m innan þeirra. Þessi tóft er nú horfin.

Samantekt og niðurstöður

Á svæðinu voru skráðar 26 fornleifar og tengjast þær flestar búsetu á Blikastöðum.

Blikastaðabærinn er innan þessa svæðis en vitað er að jörðin hefur verið í ábúð að minnsta kosti frá því á 14. öld. Líklegt er að fyrri bæir hafi verið á svipuðum slóðum og uppistandandi bær þar sem nú er búið og hafa eldri minjar þá farið undir hann. Hér þarf þó að hafa hugfast að bæjarstæði eru stundum færð til gegnum aldirnar og því geta minjar leynst í jörð í grennd við núverandi bæjarstæði þótt ekkert sjáist á yfirborði og þarf að fara með gát.

Af þeim fornleifum sem skráðar voru eru 13 sýnilegar á vettvangi en hinar eru einungis þekktar af heimildum. Minjarnar vitna um búsetusögu Blikastaða. Þær njóta aldursfriðunar en minjagildið er þó misjafnlega mikið. Merkilegastur er um 350 m langur grjóthlaðinn túngarður [2644] sem liggur eftir endilöngum Efraás á norðurmörkum svæðisins. Garðurinn er vel varðveittur, upp í allt að 1,3 m hæð, og hefur mikið minjagildi. Tvö lítil garðlagsbrot liggja auk þess suðaustur niður ásinn út frá norðurenda túngarðsins. Þá er stekkur [2555] í geil milli tveggja kletta í Efraási norðanverðum og lítið garðlag [2556] framan við hann. Þessar minjar hafa líka ótvírætt varðveislugildi. Eftirtektarvert er hvernig náttúran hefur verið nýtt til mannvirkjagerðar, klettageilin til að afmarka stekkin og ásinn sem undirstaða fyrir túngarðinn. Bæði stekkurinn og túngarðurinn eru uppi á Efraás, á mörkum skipulagssvæðisins, og þarf því að gæta varúðar við framkvæmdir í grennd við ásinn.

Auk þessa eru innan á svæðinu sunnanverðu ógreinilegar tóftir frá hrútakofa [2558], fjárhúsi með heygarði [2557] og grunnur frá óþekktu mannvirki eða húsi [2559]. Erfitt er að segja um aldur þessara minja, þær gætu verið hundrað ára eða yngri en geta varla talist hafa mikið varðveislugildi. Þarf að raska þessum minjum þá ákveður Minjastofnun Íslands hvort rannsókn þurfi að fara fram áður því eldri minjar geta leynst undir.

Ofan við Blikastaðaá við vesturmörk svæðisins er svolítil tóft frá útihúsi [2641] ásamt brú [2642]. Þessar minjar eru varla mjög gamlar þótt ekki sé hægt að segja nákvæmlega til um aldur þeirra; þær eru þó utan deiluskipulagsmarka og þarf því ekki að hafa áhyggjur af þeim. Hins vegar liggur gamla reiðgatan [2336] þarna yfir en leifar hennar má sjá hér og þar við Blikastaðaá, allt frá Stekkjarvaði [2337] í landi Hamrahliðar. Einnig er svokallað Blikastaðavað eða Ferðamannavað [2658] á ánni neðan við Efraás og næst ármynninu er Króarvað [2657]. Gatan og vöðin hafa ótvírætt minjagildi og þarf að fara gætilega nálægt þeim. Þær eru þó líka rétt utan deiluskipulagsmarka.

Allar minjar hafa verið mældar upp eða staðsettar.

Ekki er víst að allar minjar á svæðinu sjáist á yfirborðinu eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar koma í ljós á framkvæmdasvæðinu ber að stöðva framkvæmdir, varast frekara rask og tilkynna þegar í stað um fundinn til Minjastofnunar Íslands, sbr. 38. gr. mml. Minjastofnun Íslands metur eðli þeirra og umfang og hvort rannsókna sé þörf áður en framkvæmdum er haldið áfram.

Minjastofnun Íslands metur eðli minja og umfang og hvort rannsókna sé þörf áður en framkvæmdir megi halda áfram.

Er því beint til framkvæmdaraðila að reyna að sneiða hjá fornleifum og komast hjá því að raska þeim í lengstu lög. Í 21. gr. mml. segir um verndun fornleifa að „jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, [megi] enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Heimildir

Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner, Guðmundur Ólafsson, Ágúst Ó. Georgsson, Kristinn Magnússon og Bjarni F. Einarsson. *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*. Skýrslur Þjóðminjasafns Íslands. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands, 2006.

Ragnheiður Traustadóttir, Rúna Knútsdóttir Tetzschner og Margrét Valmundsdóttir. *Hamrahlíð í landi Blikastaða: Fornleifaskráning vegna deiliskipulags*. Reykjavík: Antikva ehf., 2019.

Íslenzkt fornbréfasafn, I. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag, 1857-1876.

Íslenzkt fornbréfasafn, II. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag, 1893.

Íslenzkt fornbréfasafn, III. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag, 1896.

Íslenzkt fornbréfasafn, XII. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1923-1932.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Gullbringu- og Kjósarsýsla, III. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag í Kaupmannahöfn, 1923-1924.

Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða í landinu. Útg. J. Johnsen. Kaupmannahöfn, 1847.

Stefán Þorvaldsson. „Lýsing Mosfells- og Gufunesssókna 1855.“ *Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess*. III. Félagið Ingólfur, 1937-1939.

Kort og landamerkjaskrár

Fylgiblað með uppdráttum af túnum í Mosfellssveit. 1916.

Herforingjaráðskort Dana: Reykjavík. Kaupmannahöfn, 1909.

Landamerkjabók í afsals- og veðmálsbók fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu. 1890.

Túnakort Blikastaða 1916.

Túnakort Hamrahlíðar 1916.

Árnastofnun – Örnefnasafn

Ö-Blikastaðir MG: *Örnefnalýsing Blikastaða*. Magnús Guðmundsson skráði. Örnefnastofnun Íslands, [ekkert ártal].

Nr.	2723-2336	Bæjarnafn	Blikastaðir	Gömul nr.	Ekki skráð áður	Jarðatalsnr.	269
Svæði	Korpúlfsstaða	Sveitarfélag	Mosfellsbær	Dagur	17.10.2019	Skráning	RKT-RT
Hlutverk	Leið	Tegund	Gata	Flokkur	Samgönguminjar		
Sérheiti		Friðað	Já	Verkefni	Deiliskipulag Blikastaða		
Ástand	Vel greinanlegar fornleifar	Hættumat	Lítil hættu	Hættuorsök			
Aldur	Óviss	Horfin	Að hluta	Horfin ástæða			
Leið	Leið yfir Stekkjarvað		Umhverfi	Í móa við Korpúlfsstaðaá			
Lengd	128 m	Breidd		Hæð		Hleðslu umferð	
Efni	Troðningur		Örnefnaskrá	Ö-Blikastaðir MG.			
Túnakort	Nei		Heimildir				
Mæling	Uppmæling						
Isnet N	40865,796	Isnet E	366260,360	Minjagildi	Talsvert		
Ljósmyndari	RT		Mótvægisaðgerðir	Engar			



Nokkru frá Merkjaþfossi, við bugðu á ánni á móts við Korpúlfsstaðabæinn, er Stekkjarvað. Þetta er á merkjum milli Korpúlfsstaða, Blikastaða og Hamrahlíðar. Skammt norðaustur frá því eru Stekkjarhólar. Vaðið er á grynningum eða flötum klöppum yfir ána þar sem reiðgatan liggur úr austri í vestur, hlykkjast úr landi Blikastaða í átt að Korpúlfsstöðum. Leiðin er mjög greinileg austan við Korpúlfsstaðaá, hefur verið rofin af Korpúlfsstaðavegi en birtist aftur austan við hann. Vestan við ána fer hún undir golfvöllinn. Þessi gata er rétt undan við framkvæmdarsvæðið og hefur verið mæld upp.

Leiðin sem er mæld upp er ekki frekar óljós eftir því austar dregur.

Nr.	2723-2337	Bæjarnafn	Blikastaðir	Gömul nr.	269-34	Jarðatalsnr.	269
Svæði		Sveitarfélag	Mosfellsbær	Dagur	17.10.2019	Skráning	RKT-HJH-RT
Hlutverk	Vað	Tegund	Náttúruminjar	Flokkur	Samgönguminja		
Sérheiti	Stekkjavað	Friðað	Já	Verkefni	Deiliskipulag Blikastaða		
Ástand	Ekki manngert	Hættumat	Lítil hættu	Hættuorsök			
Aldur		Horfin	Nei	Horfin ástæða			
Leið	Stekkjarleið [2236]		Umhverfi	Vað yfir Korpúlfsstaðaá			
Lengd		Breidd		Hæð		Hleðslu umferð	
Efni		Örnefnaskrá	MG 1991 Ö-Blikastaða				
Túnakort	Nei		Heimildir	Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., Skráning fornleifa í Mosfellsbæ, 19.			
Mæling	Uppmæling						
Isnet N	408652.70	Isnet E	366233.74	Minjagildi	Ekki metið		
Ljósmyndari	RT		Mótvægisaðgerðir	Engar			



Nokkru frá Merkjafossi, við bugðu á ánni á móts við Korpúlfsstaðabæinn, er Stekkjarvað. Þetta er á merkjum milli Korpúlfsstaða, Blikastaða og Hamrahlíðar. Skammt norðaustur frá því eru Stekkjarhólar. Vaðið er á grynningum eða flötum klöppum yfir ána þar sem reiðgatan liggur úr austri í vestur, hlykkjast úr landi Blikastaða í átt að Korpúlfsstöðum. Leiðin er mjög greinileg austan við Korpúlfsstaðaá, hefur verið rofin af Korpúlfsstaðavegi en birtist aftur austan við hann. Vestan við ána fer hún undir golfvöllinn. Þessi gata er rétt undan við framkvæmdarsvæðið og hefur verið mæld upp.

Nr.	2723-600	Bæjarnafn	Blikastaðir	Gömul nr.	269-15	Jarðatalsnr.	269
Svæði		Sveitarfélag	Mosfellsbær	Dagur	20.11.2021	Skráning	RKT-HJH-RT
Hlutverk	Leið	Tegund	Heimild	Flokkur	Samgönguminjar		
Sérheiti		Friðað	Já	Verkefni	Deiliskipulag Blikastaða		

Ástand	Ekki sést til fornleifa		Hættumat		Hættuorsök		
Aldur		Horfin	Já	Horfin ástæða	Vegna vegagerðar		
Leið			Umhverfi				
Lengd		Breidd		Hæð		Hleðslu umferð	
Efni			Örnefnaskrá				
Túnakort			Heimildir				
Mæling	Herforingaráðskort						
Isnet N		Isnet E		Minjagildi	Ekki metið		
Ljósmyndari			Mótvægisaðgerðir				



Á herforingjaráðskorti frá 1909 sést hvar gamli þjóðvegurinn lá í norðaustur, rétt austan við bæjarstæði Hamrahlíðar [2312]. Hluti hans er einnig sýndur á túnakorti Hamrahlíðar. Þessi vegur hefur með öllu horfið þegar Vesturlandsvegur var lagður örlítið vestar og nær hinu gamla bæjarstæði Hamrahlíðar. Gamli þjóðvegurinn var rétt utan marka skipulagssvæðisins en er skráður hér vegna samhengisins.

Nr.	2941-2400	Bæjarnafn	Blikastaðir	Gömul nr.	269-1,2	Jarðatalsnr.	269
Svæði		Sveitarfélag	Mosfellsbær	Dagur	16.07.2021	Skráning	RKT-HJH-RT
Hlutverk	Bæjarstæði	Tegund	Heimild	Flokkur	Búsetuminjar		
Sérheiti	Blikastaðir	Friðað	Já	Verkefni	Deiliskipulag Blikastaða		

Ástand	Ekki sést til fornleifa	Hættumat	Mikill hættu	Hættuorsök	Vegna ábúðar/framkv		
Aldur	1300-1920	Horfin	Já	Horfin ástæða	Vegna bygginga		
Leið			Umhverfi				
Lengd		Breidd		Hæð		Hleðslu umferð	
Efni	Ekki metið	Örnefnaskrá	Ö-Blikastaðir MG				
Túnakort	Túnakort 1916	Heimildir	Stefán Þorvaldsson, „Lýsing Mosfells- og Gufunesssóknar“, 233.				
Mæling	Uppmæling og kort						
Isnet N	409413.32	Isnet E	367048.02	Minjagildi	Mjög mikið		
Ljósmyndari	RKT	Mótvægisaðgerðir	Fara með gát				




Blikastaðabærinn sjálfur stóð „á láglendu mýrlendi, skammt fyrir norðan Lágafellshamra, austanvert við Korpúlfsstaðaá, sunnan til við Leiruvoga, gagnvart Víðinesi.“ Svo lýsir séra Stefán Þorvaldsson legu Blikastaða árið 1855. Núverandi bæjarstæði Blikastaða virðist vera á svipuðum slóðum og þarna er lýst og sést einnig á túnakorti frá 1916. Á túnakorti sést gamla bæjarstæðið um miðbik túnsins suðaustarlega með þremur stórum byggingum og kálgarði. Fyrir enda heimreiðarinnar er tvíhólfað hús með stefnu norðvestur – suðaustur, byggt úr timbri með járnþaki og væntanlega járnvarið. Timburhúsin voru íbúðarhús á flestum býlum þannig að þetta hefur kannski verið bærinn og eru hinar byggingarnar þá útihús. Norðan við timburhúsið er stór bygging byggð úr torfi og grjóti sem skiptist í fimm hól og austan við það er stærsta byggingin, fjórhólfa og einnig hlaðin úr torfi og grjóti. Kannski hefur þetta verið fjósið en samkvæmt örnefnalýsingu var Fjósflöt heima við húsin austan heimreiðar og kallast Austurhóll austan við fjósið en „austan við Austurhól og Fjósflötina er Langahyrna. “Núverandi bæjarhús á Blikastöðum eru vegleg og virðist líklegt að stór hluti bæjarhólsins hafi eyðilagst þegar þau voru byggð. Blikastaðir hafa þó verið í ábúð að minnsta kosti frá því á 14. öld og jafnvel þótt sennilegt sé að bæjarstæðið hafi alltaf verið á þessum slóðum þá má vel vera að það hafi færst til. Minjar eldri bæja geta því leynst í jörð bæði undir uppistandi húsum og í grennd við þau. Mjög mikilvægt er því að fara varlega í kringum bæjarstæðið.

Nr.	2941-2401	Bæjarnafn	Blikastaðir	Gömul nr.	269-4	Jarðatalsnr.	269
Svæði	Blikastaðatún	Sveitarfélag	Mosfellsbær	Dagur	16.07.2021	Skráning	RKT-HJH-RT
Hlutverk	Kálgarður	Tegund	Heimild	Flokkur	Búsetuminjar		
Sérheiti		Friðað	Já	Verkefni	Deiliskipulag Blikastaða		

Ástand	Ekki sést til fornleifa	Hættumat		Hættuorsök			
Aldur	1850-1930	Horfin	Já	Horfin ástæða	Vegna bygginga		
Leið		Umhverfi					
Lengd		Breidd		Hæð		Hleðslu umferð	
Efni	Ekki metið	Örnefnaskrá					
Túnakort	Túnakort 1916	Heimildir					
Mæling	Staðsett á Túnakorti						
Isnet N	409421,41	Isnet E	366810,30	Minjagildi	Lítið		

Ljósmyndari	Túnakort	Mótvægisaðgerðir	Engar mótvægisaðgerðir
-------------	----------	------------------	------------------------




Suðvestur af bæjarhúsum sýnir túnakortið stóran ferhyrningslaga kálgarð umgirtan grjóthlöðnum veggjum nema hvað girðing úr tré eða járn virðist vera fyrir þeirri hlið sem er næst húsunum. Þessi garður er horfinn.

Ónákvæm staðsetning

Nr.	2941-2402	Bæjarnafn	Blikastaðir	Gömul nr.	269-5	Jarðatalsnr.	269
Svæði		Sveitarfélag	Mosfellsbær	Dagur	16.07.2021	Skráning	RKT-HJH-RT
Hlutverk	Heimreið	Tegund	Heimild	Flokkur	Samgönguminjar		
Sérheiti		Friðað	Já	Verkefni	Deiliskipulag Blikastaða		

Ástand	Ekki sést til fornleifa		Hættumat		Hættuorsök		
Aldur	1800-1930	Horfin	Já	Horfin ástæða	Vegna bygginga		
Leið			Umhverfi				
Lengd		Breidd		Hæð		Hleðslu umferð	
Efni	Ekki metið		Örnefnaskrá				
Túnakort	Túnakort 1916		Heimildir				
Mæling	Staðsett á túnakorti						
Isnet N	409419.14	Isnet E	366987.32	Minjagildi	Ekki metið		

Ljósmyndari	Túnakort	Mótvægisaðgerðir	Engar mótvægisaðgerðir
-------------	----------	------------------	------------------------




Heimreið að Blikastöðum liggur á túnakorti í norður að bæjarstæði og sameinast þar öðrum vegi sem liggur úr vestri frá kálgarði. Miðað við kortið hafa þetta verið hlaðnir og malarbornir vegir. Skurður liggur austan megin meðfram heimreiðinni. Heimreið að Blikastöðum liggur nú úr austri frá götunni Baugshlíð og ekki sjást nein merki um eldri heimreið og götu.

Nr.	2941-2403	Bæjarnafn	Blikastaðir	Gömul nr.	269-6	Jarðatalsnr.	269
Svæði		Sveitarfélag	Mosfellsbær	Dagur	20.11.2021	Skráning	RKT-HJH-RT
Hlutverk	Kálgarður/sáðslétta	Tegund	Heimild	Flokkur	Búsetuminjar		
Sérheiti		Friðað	Já	Verkefni	Deiliskipulag Blikastaða		

Ástand	Ekki sést til fornleifa	Hættumat	Mikill hættu	Hættuorsök			
Aldur	1850-1930	Horfin	Já	Horfin ástæða	Sléttað yfir		
Leið		Umhverfi					
Lengd		Breidd		Hæð		Hleðslu umferð	
Efni		Örnefnaskrá					
Túnakort	Túnakort 1916	Heimildir					
Mæling	Túnakort						
Isnet N	409433,16	Isnet E	366990,07	Minjagildi	Ekki metið		

Ljósmyndari	Túnakort	Mótvægisaðgerðir	Engar mótvægisaðgerðir
-------------	----------	------------------	------------------------



Samkvæmt túnakorti voru kálgarður og sáðslétta vestast í túni fyrir enda götu [2402] sem lá austur frá bæjarhúsum Engin merki sjást lengur um kálgarðinn eða sáðsléttur. Nákvæm staðsetning ekki kunn.

Staðsett út frá túnakorti 1916.

Nr.	2941-2404	Bæjarnafn	Blikastaðir	Gömul nr.	269-05	Jarðatalsnr.	269
Svæði		Sveitarfélag	Mosfellsbær	Dagur	20.11.2021	Skráning	RKT-HJH-RT
Hlutverk	Laug	Tegund	Heimild	Flokkur	Búsetuminjar		
Sérheiti		Friðað	Já	Verkefni	Deiliskipulag Blikastaða		

Ástand	Ekki sést til fornleifa	Hættumat	Ekki metið	Hættuorsök			
Aldur	Óviss	Horfin	Já	Horfin ástæða	Vegna ræktunnar		
Leið			Umhverfi				
Lengd		Breidd		Hæð		Hleðslu umferð	
Efni	Ekki metið	Örnefnaskrá	Ö-Blikastaðir MG.				
Túnakort	Nei	Heimildir					
Mæling	Uppmæling - ónákvæm						
Isnet N	409447.19	Isnet E	367022.77	Minjagildi	Ekki metið		

Ljósmyndari		Mótvægisaðgerðir	
-------------	--	------------------	--



„Björn Bjarnarson í Grafarholti getur þess í lýsingu á Kjósarsýslu að á nokkrum stöðum öðrum en á jarðhitasvæðunum að Reykjum í Mosfellssveit séu laugar og volgar uppsprettur 20-40 °C og nefnir m.a. Blikastaði. Um 20 °C heit laug var vestan við heimreiðina að Blikastöðum um 200 metra frá bænum. Þar voru þvegin sokkaplögg o.fl. og stundum var vatnið notað til að skúra gólf. Hætt var að nota hana þegar hitaveita kom að Blikastöðum en skömmu áður hafði hún spillst þegar borað var í hana.“

Nákvæm staðsetning ekki þekkt, hnitapunktur (guli) tekin út frá lýsingum eldri lýsingum.

Nr.	2941-2405	Bæjarnafn	Blikastaðir	Gömul nr.	Ekki skráð áður	Jarðatalsnr.	269
Svæði	Blikastaðaland	Sveitarfélag	Mosfellsbær	Dagur	20.11.2021	Skráning	RKT-HJH-RT
Hlutverk	Brunnur	Tegund	Heimild	Flokkur	Búsetuminjar		
Sérheiti	Brunnflöt	Friðað	Já	Verkefni	Deiliskipulag Blikastaða		

Ástand	Ekki sést til fornleifa	Hættumat	Ekki metið	Hættuorsök	
Aldur	Óviss	Horfin	Já	Horfin ástæða	
Leið		Umhverfi			
Lengd		Breidd		Hæð	
				Hleðslu umferð	
Efni	Ekki metið	Örnefnaskrá	Ö-Blikastaðir MG		
Túnakort	Nei	Heimildir			
Mæling	Á loftmynd				
Isnet N	409112,75	Isnet E	366824,22	Minjagildi	Ekki metið
Ljósmyndari		Mótvægisáðgerðir			


„Vestan við heimreiðina næst bænum er Brunnflöt“. Engin merki sjást lengur um brunn á þessu svæði.

Staðsetning ekki nákvæm.

Nr.	2941-2406	Bæjarnafn	Blikastaðir	Gömul nr.	269-7	Jarðatalsnr.	269
Svæði	Blikastaðaland	Sveitarfélag	Mosfellsbær	Dagur	20.11.2021	Skráning	RKT-HJH-RT
Hlutverk	Leikvöllur	Tegund	Heimild	Flokkur	Búsetuminjar		
Sérheiti	Aðalból	Friðað	Já	Verkefni	Deiliskipulag Blikastaða		

Ástand	Ekki sést til fornleifa	Hættumat	Ekki metið	Hættuorsök	
Aldur	Óviss	Horfin	Já	Horfin ástæða	Slétta yfir
Leið		Umhverfi			
Lengd		Breidd		Hæð	
Efni		Örnefnaskrá	Ö-Blikastaðir MG.		
Túnakort	Nei	Heimildir			
Mæling	Staðsett á loftmynd				
Isnet N	109407.259	Isnet E	366951.45	Minjagildi	Ekki metið

Ljósmyndari		Mótvægisaðgerðir	Engar mótvægisaðgerðir
-------------	--	------------------	------------------------



Samkvæmt örnefnalýsingu er í Brunnflöt vestan bæjarins smáhóll sem kallast Vesturhóll og vestur af honum annar smáhóll sem heitir Aðalból. Nafnið er dregið af samnefndum bæ í Hrafinkelssögu en þarna var leiksvæði barna þar sem þau reistu sér bú. Fyrir neðan Aðalból er Þúfnabanaflöt sem var unnin með fyrsta þúfnabananum sem kom til landsins. Engar menjar sjást um leiksvæðið.

Staðsetning ekki nákvæm.

Nr.	2941-2407	Bæjarnafn	Blikastaðir	Gömul nr.	269-9	Jarðatalsnr.	269
Svæði	Húsatún	Sveitarfélag	Mosfellsbær	Dagur	20.11.2021	Skráning	RKT-HJH-RT
Hlutverk	Beitarhús	Tegund	Heimild	Flokkur	Búsetuminjar		
Sérheiti		Friðað	Já	Verkefni	Deiliskipulag Blikastaða		

Ástand	Ekki sést til fornleifa	Hættumat	Ekki metið	Hættuorsök			
Aldur	1850-1930	Horfin	Já	Horfin ástæða	Vegna framkvæmda		
Leið		Umhverfi					
Lengd		Breidd		Hæð		Hleðslu umferð	
Efni		Örnefnaskrá	Ö-Blikastaðir MG.				
Túnakort	Nei	Heimildir					
Mæling	Uppmæling						
Isnet N	409393.173	Isnet E	366945.04	Minjagildi	Ekki metið		

Ljósmyndari		Mótvægisaðgerðir	
-------------	--	------------------	--

„Vestan við heimreiðina næst bænum er Brunnflöt og sunnan við það Húsatún, þar stóðu eitt sinn beitarhús, og loks Litlustykki sem voru smátún fast við Árnesveginn en hafa að mestu horfið undir hús.“ Þessi beitarhús eru horfin.

Nákvæm staðsetning ekki þekkt staðsett út frá örnefnaskrá.

Nr.	2941-2408	Bæjarnafn	Blikastaðir	Gömul nr.	269-16	Jarðatalsnr.	269
Svæði		Sveitarfélag	Mosfellsbær	Dagur	13.08.2025	Skráning	RKT-HJH-RT
Hlutverk	Álfhóll	Tegund	Heimild	Flokkur	Huglægar minjar		
Sérheiti	Sauðhóll	Friðað	Já	Verkefni	Deiliskipulag Blikastaða		

Ástand	Ekki sést til fornleifa	Hættumat	Ekki metið	Hættuorsök			
Aldur	Óviss	Horfin	Já	Horfin ástæða	Vegna vegagerðar		
Leið		Umhverfi					
Lengd	18 m	Breidd	18 m	Hæð		Hleðslu umferð	
Efni		Örnefnaskrá					
Túnakort	Nei	Heimildir					
Mæling	Uppmæling						
Isnet N	408961.509	Isnet E	367237.724	Minjagildi	Ekki metið		
Ljósmyndari	HJH	Mótvægisaðgerðir					



Neðan og norðan við Úlfarsfell er ás eða hryggur, eins konar náttúrulegt framhald fellsins niður á jafnsléttu. Samkvæmt örnefnalýsingu eru þetta svokölluð Börð sem liggja niður að túnnum neðan Vesturlandsvegarins. Þar við hitaveitustokk, um 500 m norðaustan afleggjara að Blikastöðum og 500 m suðaustan bæjarins er klettahóll, um 18 x 18 m að stærð, sem nefndist Sauðhóll. Í örnefnalýsingu kemur fram að hóllinn var sprengdur burt, en þó greinilegt að eitthvað hefur orðið eftir. Í fornleifaskráningunni árið 1980 segir: „lágur, grasi vaxinn hóll [...] nokkuð grænni en svæðið umhverfis. Að ofanverðu, ofan á kollinum, sér í bera klöpp. Virðist jafnvel, sem sprengt hafi verið ofan af honum. [...] Hóllinn er flatur að ofan og hallar bratt til norðurs [...] um 20 m langur frá hitaveitustokk [...] og ca. 10 m á breidd yfir bunguna. [...] Ásnum hallar niður frá hólnum [...] og frá honum er mjög gott útsýni yfir Blikastaðaland og til vesturs og norðvesturs.“ Ekki eru sýnileg nein mannvirki á eða við Sauðhól en að sögn Helgu Magnúsdóttur var hann talinn bústaður huldufólks. „Börnunum á Blikastöðum fannst stundum vera ljós á kvöldin í Sauðhól. Á daginn var gott að komast á bak hestum á þúfum sem þar voru. Mýrin sem liggur austan við veginn heitir Sauðhólsmýri.

Nr.	2941-2409	Bæjarnafn	Blikastaðir	Gömul nr.	269-14	Jarðatalsnr.	269
Svæði		Sveitarfélag	Mosfellsbær	Dagur	20.11.2021	Skráning	RKT-HJH-RT
Hlutverk	Stekkur	Tegund	Heimild	Flokkur	Búsetuminjar		
Sérheiti		Friðað	Já	Verkefni	Deiliskipulag Blikastaða		

Ástand	Ekki sést til fornleifa	Hættumat	Ekki metið	Hættuorsök	
Aldur		Horfin	Já	Horfin ástæða	
Leið			Umhverfi		
Lengd		Breidd		Hæð	
Efni			Örnefnaskrá		
Túnakort	Nei	Heimildir			
Mæling	Ekki staðsett				
Isnet N		Isnet E		Minjagildi	
Ljósmyndari		Mótvægisaðgerðir			

Í örnefnalýsingu segir: „Frá Vesturlandsveginum og niður að Korpúlfsstaðaá eru þrír hólar áberandi, sérstaklega þegar horft er frá húsunum við Árnesveg og í suðurátt. Þeir eru einu nafni nefndir Hólar. Einnig munu þeir hafa verið nefndir Stekkjarhólar, sbr. landamerkjalyýsingu Blikastaða, en nú er sú nafnmynd ekki notuð. “ Samkvæmt landamerkjaskrá liggja merki Blikastaða og Hamrahlíðar um „grjóthrúgu norðast á syðsta „Stekkarhólnum“ og þaðan í Stekkjarvað. Engin ummerki eru þó um þennan stekk sem bæði hólarnir og vaðið hafa verið kennd við.

Ekki hægt að staðsetja.

Nr.	2941-2411	Bæjarnafn	Blikastaðir	Gömul nr.	269-10	Jarðatalsnr.	269
Svæði		Sveitarfélag	Mosfellsbær	Dagur	20.06.2021	Skráning	RKT-HJH-RT
Hlutverk	Landamerki	Tegund	Heimild	Flokkur	Kennimark		
Sérheiti		Friðað	Já	Verkefni	Deiliskipulag Blikastaða		

Ástand	Ekki sést til fornleifa	Hættumat	Ekki metið	Hættuorsök	
Aldur	Óviss	Horfin	Já	Horfin ástæða	Ekki vitað
Leið			Umhverfi		
Lengd		Breidd		Hæð	
Efni			Örnefnaskrá	Ö-Blikastaðir MG.	
Túnakort	Nei		Heimildir	Landamerkjabók	
Mæling	Ekki staðsett				
Isnet N		Isnet E		Minjagildi	Ekki metið
Ljósmyndari		Mótvægisaðgerðir			

Díakrókalækur er fyrir austan Gerði en landamerki Blikastaða gagnvart Lágafelli liggja um „Díakrókalæksmynni“, þaðan beint í þúfu á „Há-Hrossaskjólási“, síðan í beina línu í þúfu þá, sem er uppundan miðsteininum af svokölluðum „Marksteinum“ og loks í beina línu í „Festi.“

Ekki var hægt að staðsetja.

Nr.	2941-2412	Bæjarnafn	Blikastaðir	Gömul nr.	269-12	Jarðatalsnr.	269
Svæði	Stekkjarhól	Sveitarfélag	Mosfellsbær	Dagur	20.11.2021	Skráning	RKT-HJH-RT
Hlutverk	Landamerki	Tegund	Heimild	Flokkur	Kennimark		
Sérheiti		Friðað	Já	Verkefni	Deiliskipulag Blikastaða		

Ástand	Ekki sést til fornleifa	Hættumat	Ekki metið	Hættuorsök	
Aldur		Horfin		Horfin ástæða	
Leið		Umhverfi			
Lengd		Breidd		Hæð	
Efni		Örnefnaskrá			
Túnakort	Nei	Heimildir			
Mæling	Ekki staðsett				
Isnet N	408717,73	Isnet E	366436,20	Minjagildi	Ekki metið
Ljósmyndari		Mótvægisaðgerðir			

Landamerki Blikastaða gagnvart Hamrahlíð liggja úr „Hrossadalsgili“ og beina línu í grjóthrúgu norðast á syðsta „Stekkjarhólnum“ og þaðan beina línu niður í „Korpólfsstaðaá“ sem ræður merkjum gagnvart Korpúlfsstöðum „ofan í sjó“. „Skammt fyrir ofan ármynnið kvíslast áin við klöpp, og rennur síðan í tveimur kvíslum“ til sjávar og tilheyrir sú nyrðri Blikastaðalandi.

Ekki var hægt að staðsetja.

Nr.	2941-2555	Bæjarnafn	Blikastaðir	Gömul nr.	269-18	Jarðatalsnr.	269
Svæði	Efriás	Sveitarfélag	Mosfellsbær	Dagur	17.11.2021	Skráning	RKT-HJH-RT
Hlutverk	Stekkur	Tegund	Hleðsla	Flokkur	Búsetuminjar		
Sérheiti		Friðað	Já	Verkefni	Deiliskipulag Blikastaða		

Ástand	Greinanlegar fornleifar	Hættumat	Lítil hætta	Hættuorsök	Vegna framkvæmda		
Aldur	1700-1920	Horfin	Nei	Horfin ástæða			
Leið			Umhverfi	Í sléttri grasivaxinni geil			
Lengd	11	Breidd	4,6	Hæð			
Efni	Grjót	Örnefnaskrá					
Túnakort	Nei	Heimildir		Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., Skráning fornleifa í Mosfellsbæ, 14-15.			
Mæling	Uppmæling						
Isnet N	409840.19	Isnet E	366815.40	Minjagildi	Mikið		
Ljósmyndari	HJH	Mótvægisaðgerðir		Taka tillit til í skipulaginu			



Stekkur [2555] er í sléttri grasi vaxinni geil milli tveggja klettabelta í norðanverðum Efraási. Geilin hefur stefnuna austur – vestur með halla í vestur. Stekknum hefur greinilega verið valinn staður þarna vegna hagstæðra náttúrulegra skilyrða. Klettabásinn myndar uppistöðu hans en grjóti hefur verið hlaðið fyrir báða enda og auk þess ofan á jaðra klettana. Í austanverðri geilinni, við nyrðri klettaranann, er annar 12 m langur klettarani og mynda þessir klettar stekkin saman. Hæstir eru þeir innst og austast, að norðanverðu allt upp í 2 m, en fara hallandi þegar utar dregur, vestast, og eru nokkuð lægri að sunnanverðu. Þar sem klettarnir eru misháir er fyllt upp í með grjóti og hlaðið ofan á horn klettanna eftir því sem þurft hefur. Af náttúrulegum ástæðum er það mest að vestanverðu. Inn af austurenda stekkjarsins virðist hafa verið eins konar kró. Þar má sjá nokkra steina liggja í boga þannig að óljóst mótar fyrir hleðslu. Stekkjarhliðið snýr í suðvestur og má framan við það sjá leifar af garði [2556] sem liggur í þá átt. Líklega hefur grjót verið tekið úr honum þegar túngarðurinn á Efraási var byggður. Þessar minjar eru sennilega gamlar og hafa ótvírætt varðveislugildi. Þær eru á mörkum framkvæmdasvæðisins og þarf að fara varlega.

Nr.	2941-2556	Bæjarnafn	Blikastaðir	Gömul nr.	269-19	Jarðatalsnr.	269
Svæði	Efriás	Sveitarfélag	Mosfellsbær	Dagur	17.11.2021	Skráning	RKT-HJH-RT
Hlutverk	Garður	Tegund	Garðlag	Flokkur	Búsetuminjar		
Sérheiti		Friðað	Já	Verkefni	Deiliskipulag Blikastaða		

Ástand	Greinanlegar fornleifar	Hættumat	Lítil hætta	Hættuorsök	Vegna framkvæmda		
Aldur	1700-1920	Horfin	Að hluta	Horfin ástæða			
Leið			Umhverfi	Í sléttri grasivaxinni geil			
Lengd	7,3 m	Breidd		Hæð		Hleðslu umferð	
Efni			Örnefnaskrá				
Túnakort	Nei		Heimildir	Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., Skráning fornleifa í Mosfellsbæ, 14-15.			
Mæling	Uppmæling						
Isnet N	409419,14	Isnet E	366987,32	Minjagildi	Mikið		
Ljósmyndari	HJH		Mótvægisaðgerðir	Taka tillit til í skipulaginu			



Stekkur [2555] er í sléttri grasi vaxinni geil milli tveggja klettabelta í norðanverðum Efraási. Geilin hefur stefnuna austur – vestur með halla í vestur. Stekknum hefur greinilega verið valinn staður þarna vegna hagstæðra náttúrulegra skilyrða. Klettabásinn myndar uppistöðu hans en grjóti hefur verið hlaðið fyrir báða enda og auk þess ofan á jaðra klettana. Í austanverðri geilinni, við nyrðri klettaranann, er annar 12 m langur klettarani og mynda þessir klettar stekkin saman. Hæstir eru þeir innst og austast, að norðanverðu allt upp í 2 m, en fara hallandi þegar utar dregur, vestast, og eru nokkuð lægri að sunnanverðu. Þar sem klettarnir eru misháir er fyllt upp í með grjóti og hlaðið ofan á horn klettanna eftir því sem þurft hefur. Af náttúrulegum ástæðum er það mest að vestanverðu. Inn af austurenda stekkjans virðist hafa verið eins konar kró. Þar má sjá nokkra steina liggja í boga þannig að óljóst mótar fyrir hleðslu. Stekkjarhliðið snýr í suðvestur og má framan við það sjá leifar af garði [2556] sem liggur í þá átt. Líklega hefur grjót verið tekið úr honum þegar túngarðurinn á Efraási var byggður. Þessar minjar eru sennilega gamlar og hafa ótvírætt varðveislugildi. Þær eru á mörkum framkvæmdasvæðisins og þarf að fara varlega.

Nr.	2941-2557	Bæjarnafn	Blikastaðir	Gömul nr.	269-37	Jarðatalsnr.	269
Svæði	Blikastaðaland	Sveitarfélag	Mosfellsbær	Dagur	17.11.2021	Skráning	RKT-HJH-RT
Hlutverk	Útihús, fjárhús	Tegund	Tóft	Flokkur	Búsetuminjar		
Sérheiti		Friðað		Verkefni	Deiliskipulag Blikasta[a		

Ástand	Greinanlegar fornleifar	Hættumat	Mikil hætta	Hættuorsök	Vegna bygginga		
Aldur	1850-1930	Horfin		Horfin ástæða			
Leið			Umhverfi				
Lengd	12,9	Breidd	6,6	Hæð	0,5	Hleðslu umferð	
Efni	Torf og grjót	Örnefnaskrá					
Túnakort	Nei	Heimildir	Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., Skráning fornleifa í Mosfellsbæ, 20.				
Mæling	Uppmæling						
Isnet N	408805.187	Isnet E	366793.358	Minjagildi	Lítið		
Ljósmyndari	HJH	Mótvægisaðgerðir	Könnunarskurð ef raska þarf minjum				



Um 200 m norður frá vegamótum Vesturlandsvegur og Korpúlfsstaðavegar og um 650 m SV frá Blikastaðabænum er þýfður mói, ef til vill leifar gamals túns. Þar á jafnsléttu stendur tóft frá útihúsi og hallar aðeins niður frá henni til norðurs. Tóftin er um 12,9 m á lengd og 6,6 m á breidd, veggir um 1 m á breidd og 0,5 m á hæð, nema suðurgafli sem rís allt upp í 0,8 m hæð. Inngangar eru á norðurgafli og í suðausturenda austurlangveggjar. Lítil hleðsla nálægt miðju, um 0,4 m á breidd og hæð, skiptir tóftinni í tvennt. Hún nær þó ekki alveg þvert yfir tóftina heldur endar um 0,5 m frá austurvegg. Innan í norðvesturhorni sjást fjórir steinar úr hleðslu. Við utanverðan suðurgaflinn og upp að honum mótast fyrir lítilli hringlaga hleðslu, um 0,3 m á breidd og hæð, hugsanlega leifar af heygarði. Sigsteinn Pálsson taldi tóftina vera af lambakofa eða fjárhúsi og heygarði. Sennilega er hún ekki eldri en frá aldamótunum 1900 og trúlega eitthvað yngri. Tóftin er innan framkvæmdasvæðis og því í hættu en getur ekki talist hafa mikið minjagildi.

Nr.	2941-2558	Bæjarnafn	Blikastaðir	Gömul nr.	269-11	Jarðatalsnr.	269
Svæði	Blikastaðaland	Sveitarfélag	Mosfellsbær	Dagur	17.11.2021	Skráning	RKT-HJH-RT
Hlutverk	Hrútakofi	Tegund	Tóft	Flokkur	Búsetuminjar		
Sérheiti		Friðað	Já	Verkefni	Deiliskipulag Blikastaða		

Ástand	Illgreinanlegar fornleifar	Hættumat	Mikil hætta	Hættuorsök	Vegna bygginga		
Aldur	1850-1930	Horfin	Að hluta	Horfin ástæða	Hlaupið í þúfur		
Leið			Umhverfi	Gras og mjög þýft			
Lengd	2,0 m	Breidd	2,5 m	Hæð	0,30	Hleðslu umferð	
Efni	Torf og grjót		Örnefnaskrá				
Túnakort	Nei		Heimildir	Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., Skráning fornleifa í Mosfellsbæ, 20.			
Mæling	Uppmæling						
Isnet N	409112.76	Isnet E	366824.22	Minjagildi	Lítið		
Ljósmyndari	HJH		Mótvægisaðgerðir	Könnunarskurð ef raska þarf minjum			



Tóft frá hrútakofa er í mjög þýfðu landi um 80 m sunnan vegar heim að Blikastöðum 2, 3 og 4, á móti austasta húsinu (2). Tóftin er um 2 x 2,5 m. Á norðurhlið sjást ekki leifar veggja, einungis niðurgröftur. Í austurenda rústarinnar er stór steinn en dyr eru á vesturenda. Tóftin gæti verið hundrað ára gömul en gæti líka verið yngri. Hún er innan framkvæmdasvæðis og því í hættu en getur ekki talist hafa mikið minjagildi. Eldri minjar gætu leynst undir og þarf því Minjastofnun Íslands að ákveða hvort rannsaka þarf minjar lenti þær undir framkvæmdum.

Nr.	2941-2559	Bæjarnafn	Blikastaðir	Gömul nr.	Ekki skráð áður	Jarðatalsnr.	269
Svæði		Sveitarfélag	Mosfellsbær	Dagur	17.11.2021	Skráning	RKT-HJH-RT
Hlutverk	Óþekkt	Tegund	húsgrunnur?	Flokkur	Búsetuminjar		
Sérheiti		Friðað	Já	Verkefni	Deiliskipulag Blikastaða		

Ástand	Greinanlegar fornleifar	Hættumat	Lítil hættu	Hættuorsök	
Aldur	1850-1950	Horfin	Nei	Horfin ástæða	
Leið		Umhverfi			
Lengd		Breidd		Hæð	
Efni		Örnefnaskrá			
Túnakort	Nei	Heimildir			
Mæling	Uppmæling				
Isnet N	408717.73	Isnet E	366436.21	Minjagildi	Lítið
Ljósmyndari	HJH	Mótvægisaðgerðir	Engar uppmæling fullnægjandi		



Skammt vestan við Vesturlandsveg en nokkru suðaustan við fjárhústóft [2557] virðast vera leifar grunns undan húsi eða einhverju mannvirki. Þetta er sléttur grjótgrunnur með fjóra niðurskorna staura á hornum. Ekki er ljóst hvaða tilgangi mannvirkið hefur þjónað. Grunnurinn minnir á húsgrunna frá mannvirkjum hersins en engar herbúðir voru þó þarna nálægt. Grunnurinn er innan framkvæmdasvæðis og því í hættu en er sennilega ekki mjög gamall og getur ekki talist hafa mikið minjagildi.

Rannsókn myndi ekki bæta við miklu engin jarðvegur þarna.

Nr.	2941-2641	Bæjarnafn	Blikastaðir	Gömul nr.	Ekki skráð áður	Jarðatalsnr.	269
Svæði	Blikastaðaá	Sveitarfélag	Mosfellsbær	Dagur	16.07.2021	Skráning	RKT-HJH-RT
Hlutverk	Óþekkt / útihús ?	Tegund	Tóft	Flokkur	Búsetuminjar		
Sérheiti		Friðað	Já	Verkefni	Deiliskipulag Blikastaða		

Ástand	Greinanlegar fornelfar	Hættumat	Engin hætta	Hættuorsök	
Aldur	1850-1930	Horfin	Nei	Horfin ástæða	
Leið	Gata [2336]	Umhverfi	Mosi, kjarr og lyng		
Lengd	4	Breidd	4	Hæð	0,30
				Hleðslu umferð	1 umferð
Efni	Grjót	Örnefnaskrá			
Túnakort	Nei	Heimildir			
Mæling	Uppmæling				
Isnet N	409272.793	Isnet E	366495.911	Minjagildi	Lítið
Ljósmyndari	RKT	Mótvægisaðgerðir	Engar		



Ferhyrnd tóft [2641] er á brekkubrún ofan og austan við Blikastaðaá, upp við gamla girðingu þar sem band er strengt milli staura. Hún gróin grasi, mosa og birki en einfaldar raðir stórra steina auðsæjar á allar hliðar. Hún er um 4 x 4 að stærð og virðist vera inngangur á norðurvegg, næst norðurhorni. Steinaröð liggur í austur sa. 1 m út frá suðurhorni eins og framhald af suðurveggnum. Við enda hennar liggja trépallar yfir mýrarskurð, mjög yfirgrónir og fúnir, en hafa einhverntímann verið nothæf brú [2642]. Gamla gatan [2336] virðist hafa legið þarna yfir og er sýnileg sunnan við skurðinn, þ.e. áður en kemur að tóftinni. Tóftin ásamt brúnni er sennilega ekki mjög gömul og hefur ekki svo mikið minjagildi. Þetta er auk þess rétt utan við mörk framkvæmdasvæðins.

Nr.	2941-2642	Bæjarnafn	Blikastaðir	Gömul nr.	Ekki skráð áður	Jarðatalsnr.	269
Svæði	Blikastaðaá	Sveitarfélag	Mosfellsbær	Dagur	20.11.2021	Skráning	RKT-HJH-RT
Hlutverk	Brú	Tegund	Tréverk	Flokkur	Samgönguminjar		
Sérheiti		Friðað	Já	Verkefni	Deiliskipulag Blikastaða		

Ástand	Greinanlegar minjar	Hættumat	Engin hætta	Hættuorsök	
Aldur	1850-1930	Horfin	Nei	Horfin ástæða	
Leið	Gata [2336]	Umhverfi	Mosi, kjarr og lyng		
Lengd	2,0	Breidd	1,1	Hæð	
Efni	Timbur	Örnefnaskrá			
Túnakort	Nei	Heimildir			
Mæling	Uppmæling				
Isnet N	409271.604	Isnet E	366500.194	Minjagildi	Lítið
Ljósmyndari	RKT	Mótvægisaðgerðir	Engar		



Ferhyrnd tóft [2641] er á brekkubrún ofan og austan við Blikastaðaá, upp við gamla girðingu þar sem band er strengt milli staura. Hún gróin grasi, mosa og birki en einfaldar raðir stórra steina auðsæjar á allar hliðar. Hún er um 4 x 4 að stærð og virðist vera inngangur á norðurvegg, næst norðurhorni. Steinaröð liggur í austur sa. 1 m út frá suðurhorni eins og framhald af suðurveggnum. Við enda hennar liggja tréþallar yfir mýrarskurð, mjög yfirgrónir og fúnir, en hafa einhverntímann verið nothæf brú [2642]. Gamla gatan [2336] virðist hafa legið þarna yfir og er sýnileg sunnan við skurðinn, þ.e. áður en kemur að tóftinni. Tóftin ásamt brúnni er sennilega ekki mjög gömul og hefur ekki svo mikið minjagildi. Þetta er auk þess rétt utan við mörk framkvæmdasvæðins.

Nr.	2941-2644	Bæjarnafn	Blikastaðir	Gömul nr.	269-17	Jarðatalsnr.	269
Svæði	Efriás	Sveitarfélag	Mosfellsbær	Dagur	16.07.2021	Skráning	RKT-HJH-RT
Hlutverk	Túngarður	Tegund	Garðlag	Flokkur	Búsetuminjar		
Sérheiti		Friðað	Já	Verkefni	Deiliskipulag Blikastaða		

Ástand	Vel greinanlegar fornleifar	Hættumat	Lítill hættu	Hættuorsök	
Aldur	1912-1914	Horfin	Nei	Horfin ástæða	
Leið		Umhverfi			
Lengd	350m	Breidd	1,0 m	Hæð	1,3 m
Efni		Örnefnaskrá	Ö-Blikastaðir MG.		
Túnakort	Nei	Heimildir	Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., Skráning fornleifa í Mosfellsbæ, 13-14.		
Mæling	Uppmæling				
Isnet N	409271,67	Isnet E	366500,15	Minjagildi	Mjög mikið
Ljósmyndari	RKT	Mótvægisaðgerðir	Fara þarf með gát		



Í örnefnalýsingu segir: „Neðan við Þúfanabanaflöt er holt með grjótgardi, er nefnist Efriás, og þar neðar er annar klettaás sem heitir Neðriás. Inn af Efriás neðan túns er Hrossaskjólás; nær hann inn á merki.“ Efriás er lítt eða ekki gróinn og á honum er grjóthlaðinn túngarður, um 450 m norðvestan bæjarhúsa á Blikastöðum, í 25-30 m hæð yfir sjávarmáli. Garðurinn er um 350 m langur og liggur í norðaustur – suðvestur eftir endilengum ásnum. Hann er um 1 m á breidd og 1-1,3 m á hæð þar sem hann er hæstur. Hann hefur hrúnið á stöku stað, einkum vestast, en þó hvorki mjög víða né á löngum köflum. Sú hlið hans sem veit frá túnnum Blikastaða er mjög heilleg og er veggurinn þar því sem næst lóðréttur. Svolítið hefur verið gert við þessa hlið garðsins og hann hlaðinn hærra upp. Túnmegin er garðurinn allur lægri og hleðslan ekki lóðrétt heldur halli á henni frá ytri brún niður í túnrótina. Garðurinn er því sums staðar bungumyndaður að innanverðu.

Að sögn Helgu Magnúsdóttur lét faðir hennar gera garðinn á árabílinu 1912-1914. Hleðslumeistarinn sem annaðist verkið var kallaður Guðmundur búi, ættaður austan úr sveitum. Helga vissi ekki nánari deili á honum nema að hann var lausamaður sem fékkst við öll venjuleg sveitastörf og það var því ekki aðalstarf hans að hlaða garða. Sigsteinn Pálsson,

Nr.	2941-2657	Bæjarnafn	Blikastaðir	Gömul nr.	269-32	Jarðatalsnr.	269
Svæði	Korpúlfsstaðaá	Sveitarfélag	Mosfellsbær	Dagur	16.07.2021	Skráning	RKT-HJH-RT
Hlutverk	Vað	Tegund	Vað/náttúruminjar	Flokkur	Samgönguminjar		
Sérheiti	Króarvað	Friðað	Já	Verkefni			


Ástand	Ekki manngert	Hættumat	Engin hætta	Hættuorsök			
Aldur	Óviss	Horfin	Nei	Horfin ástæða			
Leið			Umhverfi				
Lengd		Breidd		Hæð		Hleðslu umferð	
Efni			Örnefnaskrá				
Túnakort			Heimildir				
Mæling	Uppmæling						
Isnet N		Isnet E		Minjagildi			
Ljósmyndari			Mótvægisaðgerðir				



Að minnsta kosti þrjú vöð eru á Korpúlfsstaðaá eða Korpu milli Blikastaða og Korpúlfsstaða. Lengst frá sjónum er Stekkjarvað, við bugðu á ánni á mótis við Korpúlfsstaðabæinn, á merkjum milli Korpúlfsstaða, Blikastaða og hjáleigunnar Hamrahlíðar. Skammt norðaustur frá því eru Stekkjarhólar og nokkru neðar í ánni er Merkjafoos. Vaðið er á grynningum eða flötum klöppum yfir ána þar sem reiðgata [2336] liggur úr austri í vestur, hlykkjast úr landi Blikastaða í átt að Korpúlfsstöðum. Leiðin er mjög greinileg austan við Korpúlfsstaðaá, hefur verið rofin af Korpúlfsstaðavegi en birtist aftur austan við hann. Vestan við ána fer hún undir golfvöllinn. Næst er Blikastaðavað [2658] á götunni nokkru fyrir ofan Veðiðifoss, neðan við Efriás, en það er líklega sama vaðið og stundum var nefnt Ferðamannavað. Það er rétt neðan við göngubrú yfir Korpúlfsstaðaá og er enn notað af hestamönnum. Króarvað [2657] er svo næst áarmynninu, ofan við kletta og Króarfoss eða Sjávarfoss.

Nr.	2941-2658	Bæjarnafn	Blikastaðir	Gömul nr.	269-32	Jarðatalsnr.	269
Svæði	Korpúlfsstaðaá	Sveitarfélag	Mosfellsbær	Dagur	20.11.2021	Skráning	RKT-HJH-RT
Hlutverk	Vað	Tegund	Vað/náttúruminjar	Flokkur	Samgönguminjar		
Sérheiti	Blikastaðavað	Friðað	Já	Verkefni	Deiliskipulag Blikastaða		

Ástand	Ekki manngert	Hættumat		Hættuorsök	
Aldur		Horfin		Horfin ástæða	
Leið			Umhverfi		
Lengd		Breidd		Hæð	
Efni			Örnefnaskrá		
Túnakort	Nei	Heimildir			
Mæling	Uppmæling				
Isnet N	409873,27	Isnet E	366959,43	Minjagildi	Ekki metið
Ljósmyndari	Loftmyndir	Mótvægisaðgerðir			



Að minnsta kosti þrjú vöð eru á Korpúlfsstaðaá eða Korpu milli Blikastaða og Korpúlfsstaða. Lengst frá sjónum er Stekkjarvað, við bugðu á ánni á mótis við Korpúlfsstaðabæinn, á merkjum milli Korpúlfsstaða, Blikastaða og hjáleigunnar Hamrahlíðar. Skammt norðaustur frá því eru Stekkjarhólar og nokkru neðar í ánni er Merkjafoos. Vaðið er á grynningum eða flötum klöppum yfir ána þar sem reiðgata [2336] liggur úr austri í vestur, hlykkjast úr landi Blikastaða í átt að Korpúlfsstöðum. Leiðin er mjög greinileg austan við Korpúlfsstaðaá, hefur verið rofin af Korpúlfsstaðavegi en birtist aftur austan við hann. Vestan við ána fer hún undir golfvöllinn. Næst er Blikastaðavað [2658] á götunni nokkru fyrir ofan Veðiðifoss, neðan við Efriás, en það er líklega sama vaðið og stundum var nefnt Ferðamannavað. Það er rétt neðan við göngubrú yfir Korpúlfsstaðaá og er enn notað af hestamönnum. Króarvað [2657] er svo næst ármynninu, ofan við kletta og Króarfoss eða Sjávarfoss.

Sjá frekar í skýrslu bls. 24.

Nr.	2941-2660	Bæjarnafn	Blikastaðir	Gömul nr.	269-31	Jarðatalsnr.	269
Svæði		Sveitarfélag	Mosfellsbær	Dagur	20.11.2021	Skráning	RKT-HJH-RT
Hlutverk	óþekkt / útihús	Tegund	Heimild	Flokkur	Búsetuminjar		
Sérheiti		Friðað	Já	Verkefni	Deiliskipulag Blikastaða		

Ástand	Ekki sést til fornleifa		Hættumat		Hættuorsök		
Aldur		Horfin	Já	Horfin ástæða	Vegna bygginga		
Leið			Umhverfi				
Lengd		Breidd		Hæð		Hleðslu umferð	
Efni			Örnefnaskrá				
Túnakort	Nei		Heimildir	Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., Skráning fornleifa í Mosfellsbæ, 20.			
Mæling	Loftmynd						
Isnet N	409272,89	Isnet E	366495,72	Minjagildi	Ekki metið		

Ljósmyndari		Mótvægisaðgerðir	
-------------	--	------------------	--

Neðan við hól í skjóli milli Efraáss og Hrossaskjólssáss voru árið 1980 skráðar ógreinilegar leifar mannvirkis, mögulega kringlótt tóft eða veggjahleðsla. Veggir voru 1-2 m að breidd og þvermálið 17-18 m innan þeirra. Þessi tóft er nú horfin.

Staðsetning ekki nákvæm staðsett útfrá lýsingum á loftmynd.